

RANNSÓKNARSKÝRSLUR FORNLEIFAEILDAR



III

HAFNARFJARÐARHÖFN


Álitsgerð vegna fornleifa í tengslum við
umhverfismat og nýrrar hafnaraðstöðu

Bjarni F. Einarsson

FORNLEIFAEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS
REYKJAVÍK 1997

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.



Lega kannaðs svæðis.

ÁLITSGERÐ UM FORNLEIFAR

Vettvangsferð til Hafnarfjarðarhafnar vegna fyrirhugaðrar hafnaraðstöðu utan við Suðurgarð í Hafnarfirði

Í bréfum, dagsettum þann 15. nóvember 1996 (ítrekað þann 21. mars 1997 að beiðni Þjóðminjasafns) er Þjóðminjasafn Íslands beðið um skriflega umsögn og ábendingar um þau atriði sem nauðsynlegt er að komi fram í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra hafnarframkvæmda.

Þann 6. maí síðastliðinn kannaði undirritaður svæðið. Tengiliður fyrir hönd framkvæmdaaðila var Björn Jóhann Björnsson hjá Stuðli ehf, verkfræði- og jarðfræði þjónustu.

Svæðið er skráð með tilliti til fornleifa, en engar fornleifar eru á fyrirhuguðu hafnarsvæði. Allnokkrar fornleifar eru hinsvegar á og við Hvaleyrina, en þær eru utan svæðisins og ekki hluti af þessu erindi.

Vitað er að svæðið var lega skipa á öldunum áður og því eitt og annað fallið útbyrðis og jafnvel skip sokkið. Hins vegar er allt svæðið svo ummyndað af seinni tíma framkvæmdum að ekki er líklegt að mikið sé eftir af slíku. Vegna núgildandi reglna um köfun getur Þjóðminjasafnið ekki sent fornleifafræðing með sportkafararéttindi á vettvang til köfunar og atvinnukafari hefur ekki lögsögu í málefnum minjavörslunnar. Því getur Þjóðminjasafn Íslands aðeins bent á ákvæði þjóðminjalaga í þessu máli, nánar tiltekið á 20 gr., en hún hljóðar svo:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Með vinsemd,

Bjarni F. Einarsson,
verkefnastjóri, fornleifadeild.

Fylgiskjöl:

- A) Ljósrit af fyrirhugaðri hafnaraðstöðu Hafnafjarðarhafnar.
- B) Kort af Hafnarfirði frá 1776-78. Úr *Sögu Hafnarfjarðar* eftir Ásgeir Guðmundsson. Fyrsta bindi. Hafnarfirði 1983.



Hvaleyri.


NÝTT HAFNARSVÆÐI

Súðurgarður

400m

HAFNARFJARDARHÖFN
TILAGA AD HAFNARSVÆÐI
VIÐAN SÚÐURGARÐS, DAGS JÚLÍ 1996
GRUNNÁMYND 1:5000
VERKFRÁÐISSTOFAN STUÐULL

Scale of 3 Dansk Mil.



Uppdráttur af Hafnarfirði gerður eftir mælingum H. E. Minor 1776-78. Auk verzlunarhúsanna í Akurgerði (nálægt Fiskakletti) síast verzlunarhúsið í Langeyri og íbúðarhús stjórnanna í þilskipum konungsverzlunarinnar síðari og geymsluhús (Fiske Jagternes Huus) í Hvaleyri. Þilskipin lágu í Hvaleyrartíðni að vetrarlagi. Úr bókinni *Beskrivelse over den islandske Kyst og alle Havne, Kööln 1738.*